

Nefndarsvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. október 2014

Umsögn Samiðnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum nr. 61/1999 (innleiðing tilskipunnar)

Með aukinni alþjóðarvæðingu atvinnulífsins og vaxandi umsvifum alþjóðlegra fyrirtækja er mikilvægt að huga að stöðu starfsmanna þessara fyrirtækja og ekki síst að tryggja eðlilegt upplýsingaflæði milli einstakra eining innan sömu samsteypunnar.

Lög um evrópsk samstarfsráð er ætlað að mæta þessum þörfum en vegna skilyrða um stærð eininga snerta lög in íslenskt atvinnulíf með takamarkandi hætti. Þrátt fyrir það er mikilvægt að til staðar séu skýrar leikreglur ef þær aðstæður breytast hér á landi og rekstareiningar verði það stórar að þær uppfylli ákvæði laganna.

Þær breytingar sem eru lagðar til með frumvarpinu virðast flestar ganga í þá átt að skýra leikreglurnar og styrkja stöðu starfsfólks til að fá upplýsingar um rekstur fyrirtækisins sem geta haft afgerandi áhrif á stöðu starfsfólks og afkomu.

Þrátt fyrir takmörkuð áhrif frumvarpsins á stöðu íslensks launafólks mælir Samiðn með því að frumvarpið verði samþykkt.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga



Þorbjörn Guðmundsson